

Gimli, Lækjargata 3  
101 Reykjavík.

Mættir á fund: Helgi Þorgils Friðjónsson, formaður Myndlistarráðs, Dagný Heiðdal, varaformaður (Listasafn Íslands), Hannes Sigurðsson (Listfræðafélag Íslands) er fjarverandi, Guðrún Erla Geirsdóttir (SÍM) og Hlynur Helgason (SÍM), Auður Jörundsdóttir, forstöðumaður KÍM og Klara Þórhallsdóttir, verkefnastjóri KÍM ritar fundargerð.

Fundur settur kl. 11:05

Dagskrá:

### 1. Íslensku myndlistarverðlaun 2022

Rætt var um fyrirhugaða verðlauna afhendingu og hvernig formið á athöfninni ætti að vera. Ýmsar hugmyndir komu fram, þar á meðal var ákveðið að seinka viðburðinum fram í mars, en síðastliðin ár hefur athöfnin verið í lok febrúar en það þykir heppilegra fyrir allt skipulag. Einnig voru allir sammála um að rétti staðurinn fyrir athöfnina væri lönó og hugmyndir ræddar um hverjir gætu verið með framsögu og dagskrá stýringu og hver myndi afhenda viðurkenningar og verðlaun.

### 2. Textaskrif og vinnufyrirkomulag

Þar sem ákveðið hefur verið að fjölga viðurkenningum eykst vinna ráðsmanna við textaskrif þar sem fram kemur rökstuðningu fyrir vali á viðurkenningum. Allir voru sammála því að deila á milli sín verkefnum og að greitt verði aukalega fyrir þá vinnu. Formaður skrifar formála eins og venja er og en önnur skrif um val á heiðursviðurkenningu, viðurkenningu fyrir útgefið efni á sviði myndlistar, viðurkenningu á áhugaverðasta endurlitinu og viðurkenningu á áhugaverðustu samsýningunni, verður í höndum annarra ráðsmanna.

Dagný Heiðdal segir sig frá atkvæðisrétti fyrir viðurkenningum er lúta að útgáfu og sýningum vegna starfa sinna hjá Listasafni Íslands en það á einnig við varamann hennar Hörpu Þórsdóttir.

### 3. Önnur mál

Einn styrkhafi er hlaut undirbúningsstyrk í seinni úthlutun 2020 fyrir sýningarverkefni sem ekkert varð úr vegna Covid hefur sent fyrirspurn til myndlistarráðs hvort hann megi ráðstafa styrknum í annað sýningarverkefni sem er ljósmyndasýning í tengslum við Ljósmyndahátíð Reykjavíkur. Myndlistarráð féllst á það.

Næsti fundur er fyrirhugaður fimmtudaginn 25. nóvember kl.12:00 í lðnó

Fundi slitið kl.12:12